

HAGNAÐUR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI NAM 11 MILLJÓNUM USD – AFKOMUSPÁ HÆKKUÐ

- Heildartekjur jukust um 11% milli ára og námu 368,9 milljónum USD.
- EBITDA nam 42,3 milljónum USD samanborið við 53,9 milljónir USD á síðasta ári.
- Sætanyting var góð í millilandaflugsstarfseminni 83,6% og jókst um 2,4 prósentustig frá fyrra ári.
- Eiginfjárhlutfall var 34% í lok júní.
- Handbært fé og skammtímaverðbréf nema 360,1 milljón USD og eru 75,4 milljónir USD umfram vaxtaberandi skuldir.
- Áherslubreytingar í vöruframboði og innleiðing hagræðingaðgerða ganga samkvæmt áætlun.
- EBITDA spá hækkuð í 150-160 milljónir USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2017	2. ársfj. 2016	Breyt.	% Breyt.	6 mán. 2017	6 mán. 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	368.887	331.355	37.532	11%	591.259	543.192	48.067	9%
EBITDAR	50.187	62.438	-12.251	-	42.297	72.598	-30.301	-
EBITDA	42.257	53.889	-11.632	-	26.016	55.643	-29.627	-
EBIT	11.407	30.691	-19.284	-	-30.721	10.677	-41.398	-
EBT	13.427	32.764	-19.337	-	-30.175	11.480	-41.655	-
Hagnaður tímabilsins	11.256	26.169	-14.913	-	-23.639	9.173	-32.812	-
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	1.521.372	1.217.275	303.647	25%
Eigið fé	-	-	-	-	516.727	470.558	46.169	10%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	284.659	61.481	223.178	-
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	360.092	287.612	72.480	25%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	-75.433	-226.131	150.698	-67%
Sjóðstreymi								
Veltufé frá rekstri	39.565	57.310	-17.745	-31%	24.010	60.333	-36.323	-60%
Handbært fé frá rekstri	90.801	119.636	-28.835	-24%	216.298	268.428	-52.130	-19%
Fjárfestingahreyfingar	-51.297	-58.277	6.980	-12%	-127.079	-158.078	30.999	-20%
Fjármögnunarahreyfingar	-6.416	-28.500	22.084	-77%	17.104	-31.795	48.899	-
Handbært fé í lok tímabils	336.022	274.416	61.606	22%	336.022	274.416	61.606	22%
Lykiltölur								
Afkoma USD cent á hlut	0,23	0,52	-0,29	-56%	-0,48	0,18	-0,66	-
Innra virði hlutafjár	-	-	-	-	13,07	11,60	1,47	13%
Eiginfjárhlutfall	-	-	-	-	34%	39%	-5,0 %-stig	-13%
Veltufjárhlutfall	-	-	-	-	0,85	0,72	0,13	18%
Fjárfestingar, þúsundir USD	37.649	100.325	-62.676	-62%	84.928	157.043	-72.115	-46%
Flutningatekjur % af heildartekjum	74%	75%	-0,6 %-stig	-	71%	72%	-0,3 %-stig	0%
EBITDAR hlutfall	13,6%	18,8%	-5,2 %-stig	-	7,2%	13,4%	-6,2 %-stig	-46%
EBITDA hlutfall	11,5%	16,3%	-4,8 %-stig	-	4,4%	10,2%	-5,8 %-stig	-57%
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	16,15	38,90	-22,75	-58%	23,53	38,90	-15,37	-40%
Lægsta verð á tímabili	13,13	29,85	-16,72	-56%	13,13	29,85	-16,72	-56%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	14,50	31,25	-16,75	-54%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	72.500	156.250	-83.750	-54%

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Rekstur annars ársfjórðungs gekk vel. Vöxtur félagsins heldur áfram og við fluttum í fyrsta sinn yfir eina milljón farþega í millilandaflugi á öðrum ársfjórðungi og fjölgaði þeim um 13% milli ára. Það er ánægjulegt að sætanýtingin batnar á sama tíma og framboðið hefur verið aukið. Farþegum Air Iceland Connect fjölgar nokkuð milli ára og aukning er í leiguflugi og fraktstarfsemi. Á hótelum félagsins fjölgaði seldum gistinóttum milli ára en herbergjanýting minnkaði lítillega. Við uppfærum nú EBITDA spá okkar fyrir árið í 150-160 milljónir USD. Helsta ástæða þess er gengisþróun frá því að síðasta spá var birt.

Bókunarstaðan í júlí og ágúst er góð og aðgerðir sem gripið hefur verið til í rekstrinum ganga samkvæmt áætlun. Það eru vissulega miklar annir í íslenskri ferðapjónustu um þessar mundir en styrking krónunnar og kostnaðarhækkningar gera það að verkum að framlegð í greininni hefur minnkað.

Félagið hefur sterka stöðu og býr yfir framúrskarandi starfsfólki sem er grunnur að velgengni þess.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru 1,1 milljón og fjölgaði um 13%.
- Sætanýting í millilandaflugi var 83,6% og hækkaði um 2,4 prósentustig milli ára.
- Herbergjanýting á hótelum félagsins var lakari en á síðasta ári.

	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	% br.
ICELANDAIR			
Farþegafjöldi ('000)	1.093,5	969,8	13%
Sætanýting (%)	83,6	81,1	2,4 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	4.086,9	3.671,3	11%
AIR ICELAND CONNECT			
Farþegafjöldi ('000)	88,7	81,4	9%
Sætanýting (%)	66,2	67,2	-1,0 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	52,0	47,8	9%
LEIGUFLUG			
Flotanýting (%)	96,0	100,0	-4,0 %-stig
Seldir blokk tímar	6.584	5.547	19%
FRAKTFLUTNINGAR			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	29.298	26.558	10%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	95.703	84.847	13%
Seldar gistinætur	73.764	67.994	8%
Herbergjanýting (%)	77,1	80,1	-3,1 %-stig

ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD. Á öðrum ársfjórðungi 2017 veiktist USD gagnvart ISK en styrktist gagnvart öðrum helstu viðskiptamyntum félagsins samanborið við annan ársfjórðung 2016. Þannig var ISK á öðrum ársfjórðungi nú 22% sterkari gagnvart USD en EUR 19% veikari. Tekjur á Q2 2017 eru 11% hærri en á sama tíma árið 2016. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 13% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 2. ársfj. '17	Breyting frá 2. ársfj. '16	Lokagengi 30.06 '17	Breyting frá 30.06 '16
ISK	0,010	22%	0,010	21%
EUR	1,099	-19%	1,141	-15%
GBP	1,278	-27%	1,299	-19%
CAD	0,744	-16%	0,769	-18%
DKK	0,148	-18%	0,153	-15%
NOK	0,117	-17%	0,119	-17%
SEK	0,113	-22%	0,118	-17%

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting
EBITDAR	50.187	62.438	-12.251	-20%
EBITDA	42.257	53.889	-11.632	-22%
EBIT	11.407	30.691	-19.284	-63%
EBT	13.427	32.764	-19.337	-59%
Hagnaður tímabilsins	11.256	26.169	-14.913	-57%
EBITDAR %	13,6%	18,8%	-5,2 %-stig	-
EBITDA %	11,5%	16,3%	-4,8 %-stig	-

Afkoma félagsins dróst saman á milli ára á öðrum ársfjórðungi. EBITDA nam 42,3 milljónum USD og EBITDA hlutfallið var 11,5% og lækkaði um 4,8 prósentustig á milli ára. Versnandi afkomu á milli ára má helst rekja til lækkunar meðalfargjalda í flugstarfsemi félagsins og neikvæðra gengisáhrifa, vegna styrkingar íslensku krónunnar.

TEKJUR

- Heildartekjur jukust um 11% á milli ára á öðrum ársfjórðungi.
- Farþegatekjur jukust um 10% á milli ára.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	272.684	246.987	25.697	10%	74%
Farþegaflug	257.026	234.347	22.679	10%	70%
Vöru- og pósthflutningar	15.658	12.640	3.018	24%	4%
Flugvéla- og áhafnaleiga	20.432	20.713	-281	-1%	6%
Aðrar rekstrartekjur	75.771	63.655	12.116	19%	21%
Samtals	368.887	331.355	37.532	11%	100%

Heildartekjur jukust um 11% á milli ára en tekjuaukningin á föstu gengi er 13%. Farþegatekjur jukust um 22,7 milljónir USD eða um 10% á milli ára. Farþegatekjur Icelandair jukust á öllum mörkuðum en þó mest á Norður-Atlantshafsmarkaðinum og á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu voru svipaðar á milli ára og námu 20,4 milljónum USD. Aðrar rekstrartekjur námu 75,8 milljónum USD og jukust um 12,1 milljón USD eða um 19% miðað við annan ársfjórðung 2016. Skýrist það að mestu leyti af auknum tekjum af ferðaþjónustu og hótलगistingu. Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt lækkuðu á milli ára um 1,8 milljónir USD eða 26%. Frá og með 1. júní 2016 var hluti af afgreiðslu- og þjónustutekjum af flugfrakt skilgreint sem frakttekjur og skýrir það lækkunina.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	25.522	20.999	4.523	22%
Tekjur af ferðaþjónustu	36.522	28.668	7.854	27%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	5.246	7.058	-1.812	-26%
Seld viðhaldsþjónusta	1.097	751	346	46%
Sölutap/-hagnaður fastafjármuna	-70	305	-375	-123%
Aðrar rekstrartekjur	7.454	5.874	1.580	27%
Samtals	75.771	63.655	12.116	19%

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 326,6 milljónum USD.
- Helstu skýringar á auknum kostnaði er aukið umfang og styrking íslensku krónunnar.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	125.787	90.509	35.278	39%	39%
Flugtengdur kostnaður	115.838	116.057	-219	0%	35%
Annar rekstrarkostnaður	85.005	70.900	14.105	20%	26%
Samtals	326.630	277.466	49.164	18%	100%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 125,8 milljónum USD samanborið við 90,5 milljónir USD á öðrum fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi og styrkingu krónunnar gagnvart USD á samanburðartímabilinu, en stærstur hluti launakostnaðar félagsins er í ISK.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Eldsneytiskostnaður	60.484	61.035	-551	-1%	52%
Flugvélaleiga	5.238	5.543	-305	-6%	5%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	31.863	29.205	2.658	9%	28%
Viðhaldskostnaður flugvéla	18.253	20.274	-2.021	-10%	16%
Samtals	115.838	116.057	-219	0%	100%

Eldsneytiskostnaður nam samtals 60,5 milljónum USD og lækkaði um 1% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsverð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 479 USD/tonn, sem er 10% lækkun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok júní er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá“ hér á eftir. Flugvélaleiga nam 5,2 milljónum USD og lækkaði lítillega í samanburði við annan ársfjórðung 2016. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld námu 31,9 milljónum USD og jukust um 9%. Viðhaldskostnaður nam 18,3 milljónum USD og lækkaði um 10%.

Annar rekstrarkostnaður nam 85,0 milljónum USD og jókst um 14,1 milljón USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	7.342	6.313	1.029	16%
Samskiptakostnaður	6.721	5.807	914	16%
Auglýsingakostnaður	6.730	6.415	315	5%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	16.209	13.364	2.845	21%
Kostnaðarverð seldra vara	7.361	6.764	597	9%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	8.831	6.590	2.241	34%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	22.731	18.233	4.498	25%
Breyting á niðurfærslu krafna	360	224	136	61%
Annar rekstrarkostnaður	8.720	7.190	1.530	21%
Samtals	85.005	70.900	14.105	20%

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Gengisáhrif voru jákvæð um 4,7 milljónir USD á tímabilinu.

Þúsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	1.587	906	681	75%
Fjármagnsgjöld	-4.343	-1.092	-3.251	298%
Gengisáhrif	4.715	2.317	2.398	103%
Samtals	1.959	2.131	-172	-8%

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,5 milljörðum USD í lok annars ársfjórðungs.
- Eiginfjárlutfall var 34%.
- Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir 75,4 milljónir USD.

Þúsundir USD	30.06.2017	31.12.2016	Breyting
Heildareignir	1.521.372	1.292.493	228.879
Rekstrarfjármunir	642.836	602.615	40.221
Handbært fé og markaðsverðbréf	360.092	250.125	109.967
Eigið fé	516.727	568.213	-51.486
Vaxtaberandi skuldir	284.659	242.382	42.277
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	75.433	7.743	67.690
Eiginfjárlutfall	34%	44%	-10 %-stig
Veltufjárlutfall	0,85	0,92	-10%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 642,8 milljónum USD og jukust um 40,2 milljónir USD frá ársbyrjun. Nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er að finna í kaflanum um fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins voru 45 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 37 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok annars ársfjórðungs.

Flugvélagerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Air Iceland Connect	Flugfloti 30.06.17	Flugfloti 31.12.16	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.16
Boeing 757 200	25	2	2		29	29	26	3	0
Boeing 757 300	1				1	1	1		0
Boeing 767 300	4		2		6	6	4	2	0
Boeing 737 700			1		1	1		1	0
Boeing 737 800			2		2	2		2	0
Bombardier Q200				3	3	2	3		1
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Fokker F-50						4			-4
Total	30	2	7	6	45	48	37	8	-3

Eigið fé nam 516,7 milljónum USD í lok júní og eiginfjárlutfallið var 34%. Sjá helstu breytingar á eigin fé frá áramótum í töflunni hér fyrir neðan:

Þúsundir USD	
Eigið fé 1.1. 2017	568.213
Kaup á eigin bréfum	-15.230
Tap tímabilsins	-31.212
Arðgreiðsla (0.10 US cent á hlut)	-5.044
Eigið fé 30.06.2017	516.727

Vaxtaberandi skuldir námu 284,7 milljónum USD, samanborið við 242,4 milljónir USD í ársbyrjun. Aukningin skýrist af framhaldsútgáfu skuldabréfa að fjárhæð 40,0 milljónum USD í febrúar. Afborganir langtímaskulda á öðrum ársfjórðungi námu 2,3 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf umfram vaxtaberandi skuldir námu 75,4 milljónum USD í lok fjórðungsins.

Púsundir USD	30.06.2017	31.12.2016	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	233.836	196.722	37.114
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	50.823	45.660	5.163
Markaðsverðbréf	24.070	23.236	834
Handbært fé	336.022	226.889	109.133
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	75.433	7.743	67.690

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 90,8 milljónum USD.**
- **Handbært fé í lok júní var 336,0 milljónir USD.**
- **Fjárfestingar námu alls 37,6 milljónum USD.**

Púsundir USD	2. ársfj. '17	2. ársfj. '16	breyting
Veltufé frá rekstri	39.565	57.310	-17.745
Handbært fé frá rekstri	90.801	119.636	-28.835
Fjárfestingahreyfingar	-51.297	-58.277	6.980
Fjármögnunarhreyfingar	-6.416	-28.500	22.084
Handbært fé, breyting	33.088	32.859	229
Handbært fé í lok tímabils	336.022	274.416	61.606

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi nam 90,8 milljónum USD og var 28,8 milljónum USD lægra en á öðrum ársfjórðungi 2016. Fjárfestingar á fjórðungnum námu alls 37,6 milljónum USD, þar af var 7,1 milljón USD vegna flugvéla og fylgihluta. Kostnaður við hreyflayfirhöl eigin véla nam alls 16,0 milljónum USD og aðrar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 12,5 milljónum USD. Voru það m.a. fjárfestingar vegna stækkunar flugskýlis og flugeldhúss á Keflavíkurflugvelli ásamt endurnýjun flugvallarbúnaðar.

Púsundir USD	2. ársfj. '17
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	7.067
Hreyflayfirhöl eigin vélar	16.059
Aðrar fjárfestingar	12.522
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	35.648
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	101
Óefnislegar eignir	1.900
Fjárfestingar samtals	37.649

HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2017

- **Horfur í flugrekstri óbreyttar**
- **Styrking krónunnar lækkar framlegð í ferðatengdri starfsemi innanlands**
- **EBITDA spá hækkuð í 150-160 milljónir USD**

Innleiðing aðgerða sem settar voru af stað í byrjun árs og eiga að skila hagræðingu og auknum tekjum í rekstri samstæðunnar ganga samkvæmt áætlun. Markmið félagsins er að aðgerðir á tekju- og

gjaldahlið muni skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónum USD á ársgrundvelli, þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í byrjun árs 2018.

Horfur í flugrekstri félagsins eru óbreyttar. Samkeppni er enn mikil á N-Atlantshafinu og er gert ráð fyrir að meðalfargjöld muni haldast lág. Bókanir í millilandaflugstarfsemi félagsins í júlí og ágúst eru góðar og í takt við framboðsaukningu á milli ára. Áhersla í sölu- og markaðsstarfi miðar nú að seinustu mánuðum ársins.

Nú er háannatími í íslenskri ferðaþjónustu og mikil umferð um Keflavíkurflugvöll. Á helstu álagstímum hafa orðið tafir á þjónustu með tilheyrandi óhagræði og kostnaði. Þetta hefur haft áhrif á starfsemi Icelandair og gert er ráð fyrir að svo geti orðið áfram. Félagið leggur ríka áherslu á að byggt verði upp á Keflavíkurflugvelli til að bæta þjónustu við núverandi aðstæður og að ákvarðanir verði teknar sem fyrst um hvernig stutt verði við frekari vöxt til framtíðar.

Þrátt fyrir neikvæð áhrif sjómannaverkfalls í byrjun árs er útlit í fraktstarfsemi félagsins gott fyrir árið 2017. Eftirspurn eftir innflutningi hefur aukist mikið og er gert ráð fyrir að hún haldist sterk. Leiguflugstarfsemi félagsins gengur vel og er félagið með 8-9 vélar í langtímaverkefnum, mismunandi eftir árstíma.

Íslenska krónan hefur styrkst mikið á móti helstu viðskiptamyntum á milli ára. Styrkingin hefur þau áhrif að framlegð af ferðatengdri þjónustu félagsins á Íslandi fer lækkandi, þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda ferðamanna til landsins. Afbókanir á hótelum félagsins hafa verið fleiri nú en á sama tíma á síðasta ári ásamt því að eftirspurn bókana með skömmum fyrirvara hefur minnkað. Veitingasala hefur minnkað og eftirspurn eftir ferðatengdri þjónustu hefur einnig dregist saman.

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 500 USD/tonn að meðaltali á seinni hluta ársins 2017, það sama og það var áætlað í síðustu afkomuspá. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 4,6 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok júní er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Júl 17	49.333	29.750	60%	497
Ágú 17	49.189	26.750	54%	502
Sep 17	42.810	23.550	55%	538
Okt 17	31.418	17.550	56%	516
Nóv 17	26.497	14.550	55%	547
Des 17	25.246	15.550	62%	552
Jan 18	24.869	14.250	57%	558
Feb 18	22.557	12.250	54%	556
Mar 18	27.201	15.250	56%	544
Apr 18	28.909	14.000	48%	543
Maí 18	35.076	18.000	51%	528
Jún 18	46.527	25.000	54%	514
12 mánuðir	409.632	226.450	55%	528
Júl 18	49.531	4.000	8%	551
Ágú 18	49.154	4.000	8%	565
Sep 18	43.037	4.000	9%	534
Okt 18	33.039	3.000	9%	519
Nóv 18	26.929	4.000	15%	515
Des 18	25.638	0	0%	-
13-18 mánuðir	227.328	19.000	8%	538

* Vegið meðalverð

Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 160 það sem eftir lifir árs samanborið við 156 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,16 á tímabilinu júlí – desember samanborið við 1,08 í apríl spánni. Uppfærð EBITDA spá fyrir árið er 150-160 milljónir USD.

KYNNINGARFUNDUR 28. JÚLÍ 2017

Icelandair Group birtir uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung ársins 2017, fimmtudaginn 27. júlí 2017. Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 28. júlí 2017 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 4-5. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs 2017 var samþykktur á stjórnarfundi þann 27. júlí 2017.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör 3. ársfjórðungs – 26. október, 2017
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2018
- Aðalfundur – vika 11, 2018

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801